

Nýjungar í Öskju - útgáfa 3.1.37.1

Almennt um útgáfuna

Helstu breytingar og nýjungar

ASKJA-66

Í útgáfu 3.1.37.1 af Öskju má finna stóra uppfærslu á klíniska kubbinum, uppfærða handbók fyrir ung- og smábarnaverndarskýrslur, sem hefur einnig verið farið lítillega yfir frá síðustu útgáfu.

Skýrslur - almennt

Í stað þess að það birtist tómar fyrirsagnir með engum gögnum finnst engin gögn sem uppfylla skilyrðin sem valin eru við keyrslu skýrslu þá kemur nú texti sem gefur það til kynna. Eins var farið yfir þær skýrslur sem komu með tómar blaðsíður í lokin og ætti það nú ekki að gerast lengur.

Handbækur

Handbók	Útgáfa handbókar (síðast uppfært)
ADT skýrslur	3.1.35.1
Atvikaskráningarskýrslur	3.1.35.1
Notkunarskýrslur	3.1.35.1
Ung- og smábarnavernd	3.1.37.1
Öskjuteningar – innihaldslýsing	3.1.37.1

ADT - gagnateningur

ADT kubbur

ASKJA-22

Þætt hefur verið við aðgerðardegi og aðgerðarlækni í ADT-kubbinn þar sem það á við, þ.e.a.s. þegar tegund DRG-kóða er "Aðgerð" og er skráð á eyðublaðið Aðgerðarlýsing. "Tegund DRG-kóða" er jafnframt nýtt eigindi í víddinni "Kóðar", svo hægt sé að flokka kóðana betur niður.

Aðgerðardagur var útfærður sem sérstök vídd, svo hægt væri að sía gögnin líkt og önnur dagsetningartengd gögn út frá ári og mánuði. Eins var fæðingardagur sjúklings tekinn út í sérstaka vídd, með sömu eiginleikum.

ADT pakki - legur, dvalir, vistir

ADT-pakki hefur verið yfirfarinn með tilliti til leiðréttra gagna.

ASKJA-55

Klínísk gögn - gagnateningur. Gögn af eyðublöðum: Kóðuð gögn, skráningarupplýsingar o.fl.

Klínískur kubbur

ASKJA-25

Miklar breytingar voru gerðar á klíniska kubbinum. Meiri og ítarlegri upplýsingar eru nú til taks, dagsetningar hafa verið yfirfarnar og gögn auðkennd betur.

Greiningar

Greiningar eru nú ekki eingöngu sjúkdómsgreiningar og þær hjúkrunargreiningar sem skráðar eru á samskiptaseðla, heldur eru einnig sóttar greiningar sem hafa verið skráðar sem heilsuvandar á þartilgert eyðublað sem og hjúkrunargreiningar af hjúkrunarfertaeeyðublöðum.

Úrlausnir

Úrlausnir hafa verið yfirfarnar, en þar mátti finna ýmislegt áður sem ekki var endilega skráð sem úrlausn.

Önnur kóðuð gögn

Önnur kóðuð gögn er ný vídd, sem inniheldur þau gögn sem áður voru ranglega flokkuð með úrlausnum.

Starfsmaður samskipta

Starfsmaður samskipta er ný vídd sem inniheldur upplýsingar um þá starfsmenn sem hafa komið að samskiptum.

Dagsetning undirritað / Dagsetning samskipta

Nú er alveg skýrt hvort gögnin eru byggð á undirritunardagsetningu eða dagsetningu samskiptanna og hægt að stilla veltitöflum upp á ýmsa vegu og skoða öll gögn út frá hvorri heldur dagsetningunni sem er.

Aldur einstaklinga / Fæðingardagur

Skerpt hefur verið á því að aldursgreiningin sem boðið er upp á í kubbinum er út frá aldri einstaklinga við skráningu, en nú er einnig boðið upp á vidd sem býður upp á að skoða gögnin út frá fæðingardagsetningu einstaklinga. Þannig er nú t.d. hægt að einskorða þýði gagnanna við fólk sem er fætt á ákveðnu tímabili.

Upplýsingar um eyðublöð

Gögnin sem lesa má úr eyðublaðaviddinni hafa nú verið flokkuð niður svo að auðveldara er að vinna með afmarkaða hluta viddarinnar. „Eyðublað“, „Starfsmaður undirritaður“ og „Starfsmaður útfyllt af“ eru nú flokkar sem innihalda skyld atriði, auk flokksins „Auðkenni“ sem er fyrst og fremst til staðar fyrir kerfisstjóra til að auðvelda ítarleit í gögnum sem ekki fer fram í kubbinum. Jafnframt hefur verið bætt við eigindi fyrir flokk eyðublaðs, svo nú er t.d. hægt að skoða gögnin út frá því hvort þau koma af samskiptaseðlum eða bréfum.

Mælingar

Mælingum hefur verið endurraðað og skyld atriði nefnd líkum heitum svo að þau raðist saman.

Ung- og smábarnavernd - skýrslur

ASKJA-67

Ung- og smábarnaverndarskýrslur

Skýrslurnar eru að mestu leyti eins og þær voru í síðustu útgáfu, en þó hefur verið farið yfir nokkur atriði:

Skýrslan „Tannheilsa“

Atriði hafa verið dregin saman á skýrari hátt og skyld atriði eru nú sýnd saman í stöplartitulum.

Skýrslan „Listi til tannlækna“

Einungis birtast nöfn þeirra barna sem svarað var "nei" við því hvort þau hefðu farið til tannlæknis eða ekki, og nafn tannlæknis er tekið fram.

Skýrslan „PEDS og Brigance talning“

PEDS gögn eru nú réttilega talin með þeirri stofnun sem þau voru skráð á í stað þess að teljast með stofnun þess starfsmanns sem skráði matið.

Brigance var að svo stöddu ekki hægt að tengja með sama hætti og telst því enn með stofnun starfsmannsins en það verður skoðað síðar hvernig hægt verði að gera bragarbót á því.

Skýrsluhausar almennt

Ár eða tímabil sem skýrslan nær yfir og fæðingarár barna eru nú alls staðar í sömu röð og jafnframt í samræmi við röð breytna sem valdar eru inn í skýrslurnar.

Breytur

Vallistar yfir aldurstengdar skoðanir hafa verið settir í samhengi við gögnin sem liggja að baki hverri skýrslu, þannig að ef skýrsla inniheldur ekki gögn úr tiltekinni aldurstengdri skoðun þá er ekki hægt að velja þá skoðun úr vallistanum í breytunni.